

Mál nr. 37/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 11. maí 2021, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi verið þau að M hafi staðið í tröppu sem búið var að líma saman og var að losa bolta í um tveggja metra hæð þegar trappan valt næstum því með þeim afleiðingum að M missti næstum jafnvægið og sló hendinni harkalega í þegar hann reyndi að halda jafnvægi. Við þetta slasaðist hann á hendi. M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað sem hafi valdið því að M missti jafnvægið og að orsakatengsl séu milli þess vanbúnaðar og slyssins og að vinnuveitandi beri ábyrgð á því. Telur M að stiginn hafi ekki hentað til verksins og því hafi aðstæður á slysstað verið hættulegar. Vísar M til ákvæða reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og fræðslu og leiðbeiningarits Vinnueftirlitsins frá 2017 þar sem fjallað er um vinnu í hæð og fallvarnir. Vísar M einnig til nokkurra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. Með bréfi dags. 29. desember 2021 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Í læknisvottorði dags. 16. júní 2021 hafi M lýst slysinu með þeim hætti að hann hafi verið að herða skiptilykil þegar hann klemmdi litla fingur hægri handar fyrir slysi. Fengu verkstjórar upplýsingar frá M um að hann hefði þurft að hætta vinnu daginn sem slysið átti sér stað vegna þess að gömul meiðsli hefðu tekið sig upp. Hann hafi verið að festa klemmu þegar eitthvað hafi brostið. Vísar V til þess að X leggi mikla áherslu á öryggi og öryggisreglur. M hafi setið nokkur öryggisnámskeið, hann hafi skuldbundið sig til að lesa og fara eftir öryggisreglum X auk þess að sérstök fræðsla hafi verið í október 2019 um notkun stiga og verkpalla og kynntur var sérstakur bæklingur um þau efni. M hafi starfað hjá X frá árinu 2013 og sé vel kunnugt um þær öryggisreglur sem gilda og þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Læknisfræðileg gögn málsins styðja ekki þá frásögn M af tjónsatvikinu sem fram kemur í málskoti þ.e að M hafi lent í slysi við það að trappa sem límd var saman hafi næstum því oltið. Við komu til lækni á slysdegi og svo aftur 16. júní 2021 lýsti M atvikinu með þeim hætti að hann hafi klemmt litla fingur hægri handar fyrir slysi. M tilkynnti verkstjórum sínum ekki að hann hefði lent í slysi, heldur eingöngu að gömul meiðsli frá árinu 2018 hefðu aftur tekið sig upp. Þannig bera samtímagögn málsins ekki með sér að atvik hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir í málskoti til nefndarinnar. Verður því að telja að M hafi ekki tekist að sanna að tjón hans megi rekja til sakar X. Tjón M er því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir